

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2015, miðvikudaginn 11. nóvember, var haldinn 88. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 11:04. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Eva Einarsdóttir (Æ), Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (Þ); Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Atli Steinn Árnason framkvæmdastjóri frístundamiðstöðva; Birgitta Bára Hassenstein, foreldrar barna í grunnskólum; Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum; Sveinn Sigurður Kjartansson, foreldrar barna í leikskólum og Steindór Gestur Guðmundarson Waage, Reykjavíkurráð ungmenna. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Guðlaug Sturlaugsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Kristján Gunnarsson og Soffía Pálsdóttir. Fundarritari var Guðrún Sigtryggsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrsla starfshóps um fjárhagslega rýningu á skóla- og frístundasviði, dags. 21. ágúst 2015. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 9. nóvember 2015, um áætlun um innleiðingu eða nánari úrvinnslu tillagna starfshóps um fjárhagslega rýningu á skóla- og frístundasviði. SFS2014100198

Með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra, dags. 9. nóvember 2015, er innleiðingaráætlun samþykkt að því undanskyldu að afgreiðslu liða 15 og 16 í innleiðingaráætluninni er frestað.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja tillögur um nánari úrvinnslu tillagna starfshóps um fjárhagslega rýningu á skóla- og frístundasviði með skýrum fyrirvara um endanlegt samþykki vegna einstakra tillagna. Meðal annars er afar mikilvægt er að hagræðing og breytt vinnubrögð í mótuneytisþjónustu leiði ekki til þess að lakara hráefni verði fyrir valinu í skólum borgarinnar eða að dregið verði úr gæðum framreiðslunnar.

2. Lögð fram skýrslan *Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar: Greinargerð og tillögur starfshóps um endurskoðun reglnanna*, dags. 1. nóvember 2015. Guðrún Hjartardóttir, verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði og formaður starfshópsins, kynnir og svarar fyrirspurnum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að leita umsagnar umboðsmanns barna á tillögu starfshóps að reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi.

Frestað.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að leita umsagnar eftirtalinna aðila á tillögu starfshóps að reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi: SAMFOK, Félag foreldra barna í leikskólum, aðalstjórnir hverfisíþróttafélaganna í Reykjavík, Íþróttabandalag Reykjavíkur og Skátasamband Reykjavíkur.

Frestað.

- Kl. 12:33 tekur Guðlaug Erla Gunnarsdóttir sæti á fundinum.
- 3. Dagskrárlið 3 í útsendri dagskrá, varðandi skýrsluna *Að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla*, frestað. SFS2014090065
- 4. Lögð fram svohljóðandi tillaga um Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar:

Lagt er til að Barnabókaverðlaun skóla- og frístundaráðs og Dimmalimm, íslensku myndskreytiverðlaunin, verði sameinuð undir heitinu Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar. Þau yrðu þrískipt; fyrir bestu frumsömdu íslensku barnabókina, bestu þýðingu á barnabók yfir á íslensku og bestu myndskreytingu á íslenskri barnabók. Verðlaunaveitingin og verkefni henni tengd verði samvinnuverkefni skóla- og frístundaráðs og menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar í bókmenntaborginni Reykjavík til að efla enn frekar áhuga barna á bókum og yndislestri.

Greinargerð fylgir. SFS2014110100

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

- 5. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. nóvember 2015, um birtingu fundargagna hjá Reykjavíkurborg. SFS2015100136

Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 28. október 2015:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að auka gagnsæi í stjórnslu ráðsins með því að birta gögn, sem formlega eru lögð fram á fundum ráðsins á netinu samhliða fundargerðum og gera þau þannig aðgengileg almenningsi. Gögn, sem bundin eru trúnaði vegna persónuverndarsjónarmiða, verði undanskilin.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Aukið gagnsæi upplýsinga og miðlun þeirra til borgarbúa er mikilvægt stefnumál núverandi meirihluta og í upplýsingastefnu borgarinnar sem samþykkt var í borgarráði 9. júlí 2015 segir: „Reykjavíkurborg eigi frumkvæði að miðlun upplýsinga um starfsemi borgarinnar, stefnu hennar, þjónustu, regluverk, fjárhag, stjórnslu, ákvarðanir og forsendur þeirra. Fundargerðir séu gerðar aðgengilegar ásamt fundargögnum nema um þau gildi trúnaður.“ Nú er unnið að aðgerðaáætlun um innleiðingu þessarar stefnu þar með talið uppsetningu á fundagátt sem býður upp á birtingu fundargagna. Vonast er til að sú gátt verði tilbúin til notkunar fyrir áramót og þá hefjist í kjölfarið innleiðing í fagráðum og nefndum þar á meðal skóla- og frístundaráði. Sú tillaga sem hér er til umræðu er gott innlegg í þessa vinnu og undirstrikar þverpólítíska samstöðu um mikilvægi málsins.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Árið 2012 lögðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að gagnsæi yrði aukið í stjórnslu Reykjavíkurborgar með því að birta gögn, sem formlega eru lögð fram á fundum nefnda og ráða borgarinnar, ásamt fundargerðum og gera þau þannig aðgengileg almenningsi. Ótrúlega seinlega hefur gengið að koma þeirri tillögu í

framkvæmd og bindum við vonir við að samþykkt sambærilegrar tillögu í skóla- og frístundaráði í dag verði til þess að setja jákvæðan þrýsting á málið innan borgarkerfisins.

6. Málefni flóttafólks og hælisleitenda. Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs kynnir og svarar fyrirspurnum.

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar; Edda Ólafsdóttir, verkefnastjóri á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar; Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvarinnar Vesturgarðs; Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri á velferðarsviði; Dröfn Rafnsdóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs; Guðmundur G. Guðbjörnsson, deildarstjóri á fjármála- og rekstrarþjónustu skóla- og frístundasviðs; Dagbjört Ásbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Kamps og Guðjón Bragason og Þórður Kristjánsson, sambandi íslenskra sveitarfélaga taka sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um þjónustu Reykjavíkurborgar við flóttafólk og hælisleitendur varðandi nám og leik barna í leik- og grunnskólum og frístundastarfi, dags. 6. nóvember 2015. SFS2015100068

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir þakka svör við ítarlegum fyrirspurnum Framsóknar og flugvallarvina frá 14. október sl. varðandi með hvaða hætti börn í hópum kvótaflóttafólks eða sem hælisleitendur, þ.e. einstaklingar sem sækja um alþjóðlega vernd munu fá inni í skólum borgarinnar og hvernig staðið verður að nauðsynlegri þjónustu við börnin og foreldra þeirra varðandi nám og leik barnanna í leik- og grunnskólum sem og frístund. Í svarinu kemur fram að hér er um afar umfangsmikið og fjárfrekt verkefni að ræða og brýnt að ríkið veiti því umfangsmeiri fjárhagslegan stuðning en nú er. Þó mikil reynsla hafi nú þegar safnast af móttöku og þjónustu við börn með annað móðurmál en íslensku sem og börn kvótaflóttafólks og hælisleitenda þá kemur greinilega fram í svörunum að hér er umfangsmikil undirbúningsvinna enn óunnin enda má búast við að brátt geti verið brýn þörf á mun meiri og sértækari aðstoð við þennan barnahóp en hingað til. Ábyrgð skóla- og frístundasviðs í nánú samstarfi við velferðarsvið er mikil hvað varðar umfang, skipulagningu, ut anumhald og framkvæmd þjónustunnar og kallar á samhæfingu fjölda fagaðila ef vel á að takast til sem og auknar fjárveitingar frá bæði ríki og borg.

8. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um hvort leitað verði til skóla sem hafa reynslu af því að taka á móti börnum úr hópi flóttafólks og aðlögun barnanna að íslensku skólaumhverfi, dags. 6. nóvember 2015. SFS2015100069

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir þakka svör við ítarlegum fyrirspurnum Framsóknar og flugvallarvina frá 14. október sl. varðandi hvort leitað verði til skóla sem hafa reynslu af því að taka á móti börnum úr hópi flóttafólks. Í svörunum kemur m.a. fram að reynslu af móttöku barna úr hópum kvótaflóttafólks hafi verið miðlað með upplýsingafundi og að nú sé hafin vinna við skerpa verkferla og umfang þjónustu við börn hælisleitenda. Kostnaðargreiningar er þörf vegna þjónustu við hvert einasta barn hælisleitenda og auðséð er að umfang þeirrar vinnu auk annarra þeirra verkefna sem upp eru talin í svarinu, að hér verður um geysimikið, vandmeðfarið og ábyrgðarþrungið verkefni að ræða sem fellur að mörgu leyti saman við þau

verkefni og svör sem voru gefin undir lið 7. Hér er einnig brýnt að tryggja nauðsynlegt fjárframlag frá ríkinu og þar þarf að ná fram breytingum á núverandi skipulagi til að fjárstuðningur sé bæði aukinn og einnig framlengdur tímabundið ef börn hælisleitenda fá stöðu flóttafólks. Ekki fékkst svar við þeim hluta fyrirspurnarinnar sem fjallaði um spurninguna um hvernig þeim erlendu börnum í umræddum hópum sem fengju kennara með sambærilegan menningarlegan bakgrunn væri tryggð menntun, jafnrétti kynjanna og mannvirðing samkvæmt íslenskum reglum og lögum sem og námsþætti, kennslu- og uppeldisaðferðir sem lögð er áhersla á í íslensku skóla- og menningarsamfélagi.

9. Lögð fram yfirlýsing Félagsráðgjafafélags Íslands vegna móttöku flóttafólks. SFS2015110042
10. Skrekkur 2015, hæfileikakeppni fyrir grunnskólanemendur í Reykjavík. Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum.
11. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fyrirkomulag gangbrautavörslu við skóla og frístundaheimili Reykjavíkurborgar, dags. 4. nóvember 2015. Jafnframt lagður fram öryggisverkferill í starfsemi frístundamiðstöðva, farið yfir götu. SFS2015030063
12. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina varðandi frístundastarf án endurgjalds fyrir börn í 1. og 2. bekk grunnskóla, dags. 4. nóvember 2015. Jafnframt lagt fram álit umboðsmanns barna, dags. 4. nóvember 2015. SFS2015100066
13. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. nóvember 2015, um embættisafgreiðslu erindis sem borist hefur skóla- og frístundaráði, eitt mál. SFS2015010035

Fundi slitið kl. 14.32

Skúli Helgason

Eva Einarsdóttir
Kjartan Magnússon
Marta Guðjónsdóttir

Jóna Björg Sætran
Líf Magneudóttir
Sabine Leskopf